



Tilkynning um kæru nr. 147/2023, stjórnvald. Póstur 1 af 3.

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2024010016

Eigandi skjals: Rósa Magnúsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 02.01.2024

Dagsetning skjals: 02.01.2024

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA" <uua@uua.is>

Notandi: "Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA" <uua@uua.is>

Dagsetning: 2.1.2024 09:54:53

Til: "Heilbrigðiseftirlit" <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>

Afrit til:

Efni: Tilkynning um kæru nr. 147/2023, stjórnvald. Póstur 1 af 3.

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttokin 29. desember 2023 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 29. nóvember sl. að verða ekki við kröfu kæranda um að fella úr gildi starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5 á Kjalarneti

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir,

skrifstofumaður

Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála






Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 5758710

www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.

Please consider the environment before printing and choosing transport.

 - 20231229131442319.pdf.pdf  - Bréf á HER og ráðuneytið 2.ágúst 2022.pdf  -
20231229131442319.pdf.pdf  - Kvörtun til HER v. alifuglabús 10.8.2018.pdf
 - Kæra til úrskurðarnefndar 29.12.2023.pdf.pdf



LIBRA
LÖGMENN

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, Höfðaborg
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. desember 2023

Málefni: Kæra Bjarna Pálssonar, vegna ákvörðunar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 29. nóvember 2023.

1. Fyrirsvar o.fl.:

Til lögmannsstofunnar hefur leitað leitað Bjarni Pálsson, [REDACTED] þinglýstur eigandi jarðarinnar Brautarholt 1, Kjalarnesi („kærandi“) og falið undirrituðum lögmanni að kæra ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 29. nóvember sl. Ákvörðunin varðar kröfu kæranda um afturköllun á starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5 á Kjalarnesi.

2. Kröfur:

Kærandi gerir eftirfarandi kröfur í máli þessu:

- I. Að felld verði úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, sem kom fram í bréfi dags. 29. nóvember 2023 á þá leið að verða ekki við kröfu Bjarna Pálssonar um að fella úr gildi starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5 á Kjalarnesi.
- II. Að lagt verði fyrir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að uppfylla lagaskyldur sínar skv. lögum nr. 7 frá 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem settar hafa verið skv. þeim lögum og sjái til þess að starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5 verði fellt niður og búinu lokað þar sem ýmsar forsendur og ýmis skilyrði í starfsleyfinu og reglugerð 520/2015 hafa aldrei verið uppfyllt.

Til vara skv. kröfulið II:

Ef úrskurðarnefndin telur sig ekki hafa heimild til að leggja fyrir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að fella niður starfsleyfið skv. kröfulið II er þess krafist að úrskurðarnefndin sjálf felli niður starfsleyfið og sjái til þess að búinu verði lokað þar sem starfsleyfishafi uppfyllir ekki lagaskyldur sínar skv. lögum nr. 7 frá 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem settar hafa verið skv. þeim lögum og vegna þess að ýmis skilyrði í starfsleyfinu og reglugerð 520/2015 hafa aldrei verið uppfyllt.

3. Málavextir

Mál þetta á sér nokkra forsögu og vísast um hana m.a. til bréfs kæranda til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (hér eftir „HER“), dags. 10. ágúst 2018. Í því bréfi kemur m.a. að utanaðkomandi loft- og lyktarmengun við heimili kæranda í Brautarholti 1 sé langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Mengunin kemur til vegna útblásturs frá eldisbúum í næsta nágrenni hans. Bjarna finnst mengunin frá eldisbúunum algjörlega óásættanleg og telur hana heilsuspillandi.¹ Því vill hann leita allra ráða til að koma þessum málum í viðunandi horf.


Kæra þessi varðar alifuglabúið að Brautarholti 5 sem heyrir undir HER. Hvað varðar svínabúið í Brautarholti heyrir það undir Umhverfisstofnun (hér eftir „UST“) en sú stofnun vinnur nú að endurskoðun á starfsleyfinu í kjölfar kvartana kæranda og vegna þess að dómkvaddir matsmenn hafa bent á fjölmörg atriði sem er ábótavant í mengunarmálum í Brautarholti.

Í Brautarholti á Kjalarnesi eru í dag starfrækt tvö eldisbú. Annars vegar er um að ræða 2.575 fm eldisbú að Brautarholti 5 fyrir alifugla. Búið er í um 200 m fjarlægð frá íbúðarhúsi kæranda.¹ Í þessu búi var áður svínaeldi (gyltur) sem var á undanþágu vegna mengunar og var starfsemi svínabús þar hætt árið 2010. Árið 2016 var búið tekið í notkun aftur og þá sem eldishús fyrir alifugla. Samkvæmt starfsleyfi er heimild fyrir 35.550 eldisstæðum í húsinu. Í starfsleyfinu kemur fram nánari skipting sem er á þá leið að um er að ræða eldi á allt að 15.000 hænuungum og 20.550 varphænum eða alls 35.550 eldisstæði.²

Í Brautarholti er hins vegar um að ræða 5.100 fm svínahús að Brautarholti 10, byggt árið 1998, sem er í um 100 m fjarlægð frá alifuglahúsinu og í 325 m fjarlægð frá íbúðarhúsi kæranda. Í því eldishúsi er heimild fyrir 4.000 grísum. Héðan í frá verður þetta bú kallað „svínabúið“. Þetta svínabú heyrir undir eftirlit Umhverfisstofnunar eins og áður hefur komið fram. Enginn mengunarvarnarbúnaður er í eldisbúunum að sögn kæranda og er það einnig staðfest í matsgerðum hinna dómkvöddu matsmanna.

Á mynd - 1 má sjá afstöðumynd af eldisbúunum og íbúðarhúsi kæranda. Tekið skal fram að kærandi á einnig atvinnuhúsnæði sem er í um 206 m fjarlægð frá alifuglahúsinu að Brautarholti 5:

Mynd 1: Staðhættir í Brautarholti á Kjalarnesi



¹ Eldishúsin voru byggð á árunum 1984-2001 en íbúðarhús Bjarna og önnur hús í hans eigu á svæðinu voru byggð fyrir þann tíma.

² Síðar í kærnu þessari er bent á það að ekkert er farið eftir þessu ákvæði í starfsleyfinu.

Þann 25. mars 2021 óskaði kærandi eftir því að Héraðsdómur myndi skipa tvo dómkvadda matsmenn til að leggja mat á ýmis atriði varðandi mengun í Brautarholti og skyld atriði. Í framhaldi af því skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur þá Þór Tómasson, efnaverkfræðing M.S. og Óskar Sigurðsson, hrl. og löggiltan fasteignasala til að framkvæma matið.

Þann 3. júní 2022 skiluðu hinir dómkvöddu matsmenn matsgerð sinni og koma þar fram alvarlegar athugasemdir varðandi stöðu mengunarmála á svæðinu og fleiri skyld atriði.

Í framhaldi af skýrslu matsmanna sendi kærandi kvörtun til UST, dags. 2. ágúst 2022, þar sem krafist var breytingar eða afturköllun á starfsleyfi svínabúsins að Brautarholti 10 vegna mengunar í Brautarholti á Kjalarnesi. Umhverfisstofnun tók vel í erindið og tók stjórnsluákvörðun um þörf á endurskoðun á starfsleyfi svínabúsins í Brautarholti vegna athugasemda sem komu fram í kvörtunarbréfinu og hinu dómkvadda mati.

Í kjölfar matsgerðarinnar sendi kærandi einnig bréf á HER þann 2. ágúst 2022 þar sem gerð var krafa um afturköllun á starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5 vegna mengunar í Brautarholti á Kjalarnesi. Því bréfi svaraði HER með örfáum línnum þann 29. sept. 2022 og var þar á engan hátt leitast við að svara athugasemdunum sem komu fram í dómkvadda matinu og vörðuðu starfsleyfið. Kærandi sendi í framhaldinu bréf á heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þann 25. janúar 2023 þar sem gerð var krafa um afturköllun á starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5 á Kjalarnesi. Því bréfi svaraði HER með bréfi frá 8. mars 2023 þar sem neitað var að verða við beiðni kæranda.

Bjarni Pálsson kærði ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til úrskurðarnefndarinnar með bréfi, dags. 4. apríl 2023. Heilbrigðiseftirlitið svaraði kærinni með bréfi sínu til úrskurðarnefndarinnar, dags. 3. maí 2023. Bjarni Pálsson brást við framangreindu bréfi með bréfi sínu til úrskurðarnefndarinnar, dags. 11. maí 2023. Þann 17. ágúst 2023 kvað úrskurðarnefndin upp eftirfarandi úrskurð í málinu:

„Fellð er úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 8. mars 2023, um að hafna kröfu um að starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5, Kjalarnesi verði felld úr gildi og er málinu vísað til heilbrigðieftirlitsins að nýju til frekari meðferðar.“

Þann 29. ágúst 2023 sendi undirritaður lögmaður tölvupóst til formanns heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þar sem hann vakti athygli á málinu og kvartaði sáran undan slælegum vinnubrögðum borgarinnar í málinu.

Í september síðastliðnum var aðalmeðferð í dómsmáli Bjarna Pálssonar gegn Reykjavíkurborg en það mál varðar skipulagsmál í Brautarholti en ekki starfsleyfi. Í vitnaskýrslum við aðalmeðferð kom fram hjá Þóri Tómassyni matsmanni og Ásgeiri Björnssyni, heilbrigðisfulltrúa hjá HER, að enginn mengunarvarnarbúnaður væri á strompum alifuglahússins að Brautarholti 5 og því berst mengun þaðan óheft út um strompa hússins yfir til nágrannana. Um er að ræða lyktarmengun, fiður, ryk, ammóníak og skaðlegar bakteríur sem berast óhindrað út í andrúmsloftið frá alifuglahúsinu í Brautarholti 5.

Þann 22. sept. 2023 sendi undirritaður lögmaður aftur tölvupóst til formanns heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þar sem hann vakti athygli á málinu og kemur þar eftirfarandi m.a. fram:

„Þann 2. okt. 2013 skrifaði HER bréf til heilbrigðisnefndar þar sem fram kom að útreikningar sýndu að hámark svína í Brautarholti mætti ekki fara yfir 4.000 dýr svo að lyktarónæði færi ekki yfir mörk starfsleyfis við íbúðarhús Bjarna umbj. míns og inni á litlum hluta golfvallar. Þrátt fyrir að mengunarkvótinn á svæðinu hafi verið fylltur á svæðinu að mati HER heimilar HER árið 2016 að bætt sé við heilu alifuglabúu sem mengar meira en 40.000 OU skv. mati dómkvaddra matsmanna. Þetta er alveg ótrúlegt.

Þann 10. mars 2014 skrifar HER bréf til ráðuneytisins þegar Brúnegg (Kristinn Gylfi Jónsson) sóttu um undanþágu frá fjarlægðarreglum og vildu opna nýtt alifuglabú í Brautarholti. Þar kemur fram að með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði ætti að vera hægt að koma í veg fyrir óþægindi af völdum starfseminnar komi í ljós að hún valdi aukinni lyktarmengun á svæðinu. Þar kom einnig fram að kröfur um slíkan búnað yrðu settar í starfsleyfi búsisins og yrði hann að vera til staðar áður en rekstur hæfist.

Þann 12. mars 2015 skrifaði HER bréf til ráðuneytisins í tengslum við beiðni Brúneggja (Kristinn Gylfi Jónsson) um undanþágu frá fjarlægðartakmörkunum. Þar kom fram mat HER um aukið mengunarálag þessu samfara sem er langt frá raunveruleikanum eins og matsmenn hafa nú staðfest. Þar kom einnig fram að setja yrði upp tilheyrandi mengunarvarnarbúnað til að lágmarka óþægindi af völdum starfseminnar og að kröfur um slíkan búnað yrðu settar í starfsleyfi búsisins og yrði hann að vera til staðar áður en rekstur hæfist. Undanþága var veitt á þeim grundvelli að settur yrði upp mengunarvarnarbúnaður.

Starfsleyfið var þvingað í gegn með þessu ákvæði en aldrei hefur verið farið eftir þessu eins og sannað hefur verið í málinu. Jafn ótrúlegt og það hljómar þá hefur HER verið fullkunnugt um það en látið sér það í léttu rúmi liggja sem er aðfinnsluvert.

Árið 2016 var gefið út starfsleyfi fyrir alifuglabúu til Brúneggja. Þar kemur fram að nota skal bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir og tekið fram að takmarka skuli loftmengun frá starfsemi eins og kostur er og þá sérstaklega gagnvart nærliggjandi íbúðabyggð og útivistarsvæðum. Umbj. minn fullyrðir og hefur sannað að mengunarvarnarbúnaður hafi aldrei verið settur upp í alifuglahúsinu og ryk og lyktarmengun streymir óheft upp úr strompum búsisins og leggst yfir nærliggjandi umhverfi. HER veit þetta líka.

Við aðalmeðferð í dómsmáli umbj. míns fyrr í þessum mánuði gegn borginni, sem snertir útgáfu deiliskipulags sem heimilaði alifuglabúu árið 2016, var staðfest af Þór Tómassyni, efnaverkfræðingi, sem var dómkvaddur matsmaður, að enginn mengunarvarnarbúnaður væri í alifuglahúsinu.

Við sömu aðalmeðferð staðfesti Ásgeir Björnsson, heilbrigðisfulltrúi, sem hefur með eftirlit með alifuglabúinu að gera, að þar væri enginn mengunarvarnarbúnaður gagnvart lykt og ryki.

Glænýr úrskurður frá úrskurðarnefnd umhverfismála gagnrýnir vinnubrögð HER í þessu máli harkalega.

Samantekt í örfáum orðum er eftirfarandi:

- i. Meiriháttar breytingar á alifuglahúsunum voru byggingarleyfis skyldar og um það er ekki deilt. Byggingarleyfi var hins vegar aldrei gefið út og farið á svig við lög og reglur að því leyti.
- ii. Dómkvaddir matsmenn hafa staðfest að mengunin er margfalt meiri en lagt var upp með í forsendum Reykjavíkurborgar.
- iii. Dómkvaddir matsmenn hafa staðfest að mengunin er margfalt meiri en reglugerð 520/2015 heimilar.
- iv. Undantekning frá fjarlægðarreglum var veitt á sínum tíma gegn því að mengunarvarnarbúnaður yrði settur upp í húsunum áður en starfsemin hæfist en svindlað var á þessu að því leyti að búnaðurinn aldrei settur upp.
- v. Allar forsendur fyrir undanþágu frá fjarlægðarreglum hafa verið brotnar að mati umbj. míns.
- vi. Ekki var farið eftir reglugerð 520/2015 að mati umbj. míns og til viðbótar benda dómkvaddir matsmenn á að ekki var heimilt að veita undantekningu frá fjarlægðarreglum skv. reglugerðinni.
- vii. Sett voru ákvæði í starfsleyfi um mengunarvarnarbúnað sem aldrei hefur verið farið eftir að mati umbj. míns.

Þrátt fyrir að bent hafi verið ítrekað á öll þessi atriði af hálfu umbj. hefur HER aldrei ljáð máls á því að endurskoða starfsleyfi alifuglabúsins og ég get ekki betur séð í pósti þínum hér að neðan að heilbrigðisnefndin ætli að styðja við bakið á HER í þessu. Umbj. mínum þykir einsýnt að þar sem enginn vilji er hjá heilbrigðisyfirvöldum að skoða málið að þá sé hann neyddur til að senda stjórnslukæru til ráðuneytisins en minna má á það að ráðuneytið veitti undanþáguna út á þau orð HER að mengunarvarnarbúnaður yrði settur upp í alifuglahúsunum áður en starfsemi þar hæfist. Einnig telur umbj. minn einsýnt að höfða verði mál gagnvart borginni þar sem þess verði krafist að starfsleyfið verði fellt úr gildi eða því breytt.

Þann 29. nóvember 2023 svaraði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur loksins kröfubréfunum frá 2. ágúst 2022 og 25. janúar 2023. Í svarbréfinu kom fram að kröfum Bjarna Pálssonar á þá leið að afturkalla starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5, Kjalarnesi, væri hafnað. Umbj. minn sættir sig engan veginn við forsendur ákvörðunarinnar og þaðan af síður ákvörðunina sjálfa og sökum þess kærir hann ákvörðunina með kæru þessari.

Hvað varðar nánar um forsögu þessa máls er einnig vísað til bréfs kæranda til HER frá 10. ágúst 2018 sem nefnt var hér að framan sem og til matsbeiðninnar.

4. Nánar um málsatvik og málsástæður fyrir kröfum kæranda:

4.1 Kæruheimild og kærufræstur

Kæra þessi er sett fram með vísan til 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með vísan til laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

4.2 Málsástæður fyrir kröfum kæranda

Kærandi grundvallar kröfur sínar í máli þessu á eftirfarandi málsástæðum:

Kærandi telur að forsendan fyrir útgáfu starfsleyfisins fyrir alifuglabúið í Brautarholti 5 á Kjalarnesi sé brostin og að mörg skilyrði í starfsleyfi alifuglabúsins séu ekki og hafi aldrei verið uppfyllt og því beri að fella það úr gildi. Einnig byggir kærandi á því að núverandi starfsemi og staðsetning alifuglabúsins að Brautarholti 5 sé óheimil þegar horft er til lagaákvæða og reglugerða sem um þetta gilda. Rétt er að benda á eftirfarandi atriði í þessu sambandi sem mörg hver byggjast á niðurstöðum matsmanna:

- i) Í svari dómkvaddra matsmanna við spurningu A1 kemur fram að í starfsleyfi alifuglabúsins sé kveðið á um að BAT skilyrði þurfi að uppfylla en ljóst sé að mörg BAT skilyrði séu ekki uppfyllt, sbr. t.d. BAT ákvæði nr. 11, 13, 23 og 26 er eigi við um starfsemina en séu ekki uppfyllt. Hvað lið 11 varðar benda dómkvaddir matsmenn á að þeir hafi séð ryk við útblástursstút á þaki eggjahússins við vettvangsskoðun þann 9. sept. 2021. Kærandi vill í þessu sambandi benda á að mikil rykmengun berst frá alifuglabúinu³ út í andrúmsloftið og getur hann lagt fram fjölda ljósmynda, frá ýmsum tímabilum, því til sönnunar.
- ii) Í svari dómkvaddra matsmanna við matsspurningu A3 kemur fram að enginn búnaður sé í alifuglahúsunum til lyktheydingar

Í þessu sambandi er rétt að minna á eftirfarandi sem kemur fram í matsbeiðninni:
„Þann 12. mars 2015 sendi HER bréf til umhverfisráðuneytisins þar sem fram kemur umsögn um beiðni Brúneggja um undanþágu frá fjarlægðartakmörkunum í gr. 24. í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Í umsögninni er komið inn á nauðsyn mengunarvarnarbúnaðar á eftirfarandi hátt: „Setja þarf viðeigandi mengunarvarnarbúnað til að lágmarka óþægindi af völdum starfseminnar eins og tekið var fram í fyrri umsögn. Kröfur um slíkan búnað yrðu settar í starfsleyfi búsins og yrði hann að vera til staðar áður en rekstur hæfist. Lyktarmengun vegna stórra alifuglabúa getur verið vandamál sem veldur skaða á heilsu manna ef hún er viðvarandi auk þess að rýra lífsgæði. Útblæstrinum getur einnig fylgt möguleg smithætta. Fjarlægðarmörkin í reglugerðinni eru tilkomin til að vernda heilsu nágretta og takmarka ónæði.“

Kærandi telur að framannefndur mengunarvarnarbúnaður hafi aldrei verið settur upp í alifuglahúsunum.

Eftir framangreinda umsögn HER var gefin út reglugerð nr. 520/2015 með tilheyrandi fjarlægðarreglum og var sú reglugerð útgefin 1. júní 2015 og eiga fjarlægðarreglur skv. þeirri reglugerð við um nýframkvæmdir og meiri háttar breytingar. Engin heimild var til að gefa undantekningu frá fjarlægðarreglum skv. reglugerðinni. Þrátt fyrir allt framangreint var samþykkt undantekning frá

³ Um er að ræða rykmengun sem berst frá 14 stórum þakstropum hænsnabúsins sem er um 2.567 fm að stærð í tveimur samliggjandi byggingum.

fjarlægðarreglum fyrir alifuglabúið á árinu 2016 sem er ólöglegt og alveg með ólíkindum⁴.

Kærandi telur sannað með matsgerð dómkvaddra matsmanna að forsendur fyrir undanþágu frá fjarlægðartakmörkunum sem veittar voru á sínum tíma fyrir alifuglabúið hafi verið ólöglegar og því til viðbótar séu brostnar þær forsendur sem þá var miðað við og einnig byggir kærandi á því að ýmis skilyrði í starfsleyfinu sem kveða á um viðeigandi mengunarvarnarbúnað hafi aldrei verið uppfyllt.

- iii) Í svari dómkvaddra matsmanna við matsspurningu A5 kemur fram að enn megi greina rykmengun við útblástursop og að ekki sé til staðar umhverfisstjórnunarkerfi sem sé skilyrði skv. BAT 1.
- iv) Í svari dómkvaddra matsmanna við matsspurningu A10 benda þeir á að fjarlægðin á milli svínabúsins í Brautarholti 10 og alifuglabúsins í Brautarholti 5 sé aðeins 100 m sem uppfylli ekki skilyrði 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015 en þar kemur fram að lágmarksfjarlægðin megi ekki vera minni en 300 m. Dómkvaddir matsmenn benda einnig á að engin heimild er til að veita undanþágu frá þessari reglu í reglugerðinni.⁵

Í matsgerðinni kemur einnig skýrt fram að ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 1. september 2016 að samþykkja breytingar á skilmálum deiliskipulags Brautarholts á Kjalarnesi fari gegn fjarlægðarmörkum a og b liðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar 520/2015, þar sem um matvælafyrirtæki er að ræða.

⁴ HER byggði undantekninguna frá fjarlægðarmörkum alifuglabúsins árið 2016 á því að fjöldi lyktareininga í nýju búi væri minni en þegar þar var rekið svínabú sex árum áður og því ætti reglugerð 520/2015 hvað fjarlægðarreglur varðar ekki við. Þessu hélt HER fram þrátt fyrir að búið hefði verið lokað í sex ár og þar af leiðandi var mengun frá því 0 lyktareiningar þegar sótt var um nýtt starfsleyfi. Allar forsendur breyttust þarna því skipt var um tegund, skipt var um rekstraraðila, framkvæmdir voru meiriháttar breytingar á húsnæðinu, óskað var eftir nýju starfsleyfi, en þrátt fyrir allt þetta taldi HER sig ekki þurfa að byggja á fjarlægðarreglum í nýrri reglugerð sem tekið hafði gildi á þessum tíma.

⁵ Hér má einnig vísa til neðanmálgreinar á bls. 13 í matsbeiðninni þar sem fram kemur umsögn HER varðandi starfsleyfi fyrir alifuglahús við Hamar í Reykjavík. Beiðninni var hafnað vegna mengunarhættu. Neðanmálgreinin sem vísað er til er nánar tiltekið eftirfarandi: Samkvæmt upplýsingum frá matsbeiðanda Bjarna Pálssyni sóttu Brúnegg ehf. um leyfi árið 2013 til að setja fugla í gömul svínahús að Hamri í Reykjavík. Þessi hús eru í 1,5 km fjarlægð frá þéttri byggð en innan 500 metra eru nokkur hús. Þá var reglugerðin frá 2015 ekki komin og þurftu því Brúnegg að sækja um undanþágu frá 500 metra reglunni. Umsóknin var um 9500 varphænur og 4500 unga. Á Hamri höfðu nágrennar í þremur húsum innan 500 metra verið jákvæðir fyrir þessari breytingu. Í 1,5 km fjarlægð er þéttari byggð í nýju hverfi í Úlfarsárdal. Umhverfisstofnun sagði í áliti sínu að þeir myndu ekki hafa athugasemdir ef HER samþykkti þetta. HER hafnaði beiðninni með eftirfarandi rökstuðningi: „**lyktarmengun vegna stórra alifuglabúa geti verið vandamál og geti valdið skaða á heilsu manna ef hún sé viðvarandi auk þess að rýra hollustuhætti. Útblæstrinum gæti einnig fylgt möguleg smithætta. Fjarlægðarmörk reglugerðarinnar um hollustuhætti eru sett til að vernda heilsu nágrenna og takmarka ónæði og telji nefndin ekki rök fyrir því að víkja frá þeim á þessum stað.**“ Matsbeiðanda finnst harla einkennilegt að þessi sama heilbrigðisnefnd samþykki síðan alifuglabú fyrir 35.000 fugla í 100 - 200 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi hans og öðrum húsum í hans eigu og í 100 m fjarlægð frá einu stærsta svínabúi landsins sem rekið er á undanþágu.

⁵ Svínabú og alifuglabú falla undir það að vera matvælafyrirtæki skv. reglugerðinni og má í því sambandi m.a. vísa í tölvupóst frá Matvælastofnun frá 21. mars 2016 sem er fylgiskjal með matsbeiðninni.

Kærandi vill einnig benda á í þessu sambandi að fjarlægðarmörkin í 6. gr. reglugerðarinnar eiga einnig við þegar um er að ræða meiriháttar breytingar á eldri mannvirkjum. Í dómkvöddu matsgerðinni er tekið undir það með kæranda að breytingar á Brautarholti 5 árið 2016 þegar fasteigninni var breytt vegna fyrirhugaðs alifuglaeldis hafi verið meiriháttar⁶ og því eiga framangreind 300 m fjarlægðarmörk við í öllum tilvikum.⁷

- v) Í svari dómkvaddra matsmanna við matsspurningu A10 koma þeir einnig inn á það að í 6. gr. reglugerðarinnar nr. 520/2015 séu almennar fjarlægðarreglur sem sveitarstjórn er skylt að ákveða í skipulagsáætlunum. Þrátt fyrir framangreinda skyldu eru engar slíkar fjarlægðarreglur í skipulagsáætlunum Reykjavíkurborgar fyrir Kjalarnes.⁸
- vi) Í svari dómkvaddra matsmanna við matsspurningu A 11 kemur fram að dómkvaddir matsmenn telja að ekki liggi fyrir með nægilega skýrum hætti hvernig eftirlit sé skipulagt og birting á niðurstöðum eftirlits sé ófullnægjandi á heimasíðu HER.
- vii) Í svari við matsspurningu A 12 kemur fram að dómkvaddir matsmenn gefa sér tvenns konar forsendur varðandi samsetningu dýra og komast að þeirri niðurstöðu að fjöldi lyktareininga á svæðinu í kringum svína- og alifuglahúsin í Brautarholti sé 97.000 – 156.000 OU. Kærandi telur rétt að miða við efri mörkin þar sem dómkvaddir matsmenn hafa staðfest að enginn mengunarvarnarbúnaður sé í búunum.
- viii) Matsspurning 14 var eftirfarandi:

Að gefinni þeirri forsendu að skilyrði fyrir undanþágunni um fjarlægðarmörk í úrskurði Hollustuverndar frá 1998 hafi ekki verið uppfyllt, hvað telja þá matsmenn að heimilt sé að hafa margar lyktareiningar í svínahúsinu og alifuglahúsinu í

⁶ Breytingarnar voru það umfangsmiklar að þær kölluðu á að sérstakt byggingarleyfi yrði gefið út áður en framkvæmdir hæfust. Framkvæmdirnar fóru hins vegar í gang og voru kláraðar án þess að nokkurn tíma væri gefið út byggingarleyfi.

⁷ Í matsbeiðninni er því lýst í hverju meiriháttar breytingar á húsnæði alifuglabúsins fólust. Kærandi fékk tölvupóst þann 7. nóv. 2016 frá Geiri Gunnari Geirssyni þar sem hann tók undir það að um meiriháttar breytingar hafi verið að ræða sbr. eftirfarandi: „Það dylst engum að þarna eru meiriháttar breytingar á húsnæðinu að ræða. Held að það geti ekki orðið meiri breytingar nema þá að húsið sé rífið og byggt nýtt í staðinn en kannski er það þá minniháttar líka?“ Þessi sami Geir er fyrirsvarsmáður starfsleyfishafanna / matsþolanna Stjórnueggs ehf.

⁸ Hvað varðar fjarlægðarregluna í 6. gr. reglugerðarinnar telur kærandi að á árinu 2016 hafi HER samþykkt nýtt starfsleyfi fyrir alifuglabúsið og bent á að um áframhald af eldri rekstri svínabús væri að ræða og því ætti eldri reglugerð við nema hvað varðar 50 metra fjarlægðarregluna í 6. gr. reglugerðarinnar en þar vildi HER miða við nýju reglugerðina sem væri hagstæðara fyrir umsækjandann. Þannig handvaldi HER atriði úr báðum reglugerðunum, eldri og nýju, eftir því sem hagstæðast var fyrir umsækjandann í hvoru tilviki fyrir sig sem stenst ekki neina lögfræðilega skoðun að mati kæranda. Þar sem reglugerð 520/2015 hafði tekið gildi á þessum tíma og enginn rekstur hafði verið í Brautarholti 5 í sex ár bar að sjálfsögðu að miða eingöngu við þá reglugerð sem hefði gert það að verkum að óheimilt var að heimila þennan nýja rekstur með alifugla í húsunum, m.a. vegna 300 m fjarlægðarreglunnar á milli búa sem kemur fram í 4. gr. reglugerðarinnar.

Brautarholti samtals og í hvoru eldishúsi fyrir sig þannig að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 520/2015?

Í svari dómkvaddra matsmanna við matsspurningunni kemur fram að hámark lyktareininga á svæðinu miðað við reglugerð nr. 520/2015 megi ekki vera meira en 80.000 OU sem er mun minna en þær 97.000 – 156.000 OU sem eru á svæðinu sbr. svar dómkvaddra matsmanna við spurningu 12. Kærandi telur rétt að miða við efri mörkin, þ.e. 156.000 OU, eins og áður hefur komið fram, þar sem dómkvaddir matsmenn hafa staðfest að enginn mengunarvarnarbúnaður sé í búunum.

Kærandi vill benda á að í svari matsmanna við þessari matsspurningu kemur fram að af þessum 80.000 lyktareiningum (OU) eru 42.840 frá alifuglabúinu⁹ að Brautarholti 5.¹⁰ Kærandi vill einnig benda á það að aðalforsenda HER þegar starfsleyfið var veitt var að mengun / fjöldi lyktareininga frá þessu fyrirhugaða alifuglabúi væri minni en þegar gyltur voru í Brautarholti 5 en þá voru þar 18.160 lyktareiningar. Niðurstaða matsmanna staðfestir að fjöldi lyktareininga sem HER miðaði við á sínum tíma er langt frá því að vera réttur og því voru forsendur fyrir því að veita starfsleyfið og víkja frá skilyrðum í reglugerð 520/2015 rangar. Hinar röngu forsendur HER á sínum tíma byggðust á neðri mörkum¹¹ í einni danskri handvaldri tilraun¹² sem vísað var til í skýrslu frá umsækjanda en sú skýrsla sýndi ranglega að fjöldi lyktareininga í fyrirhuguðu alifuglabúi við Brautarholti 5 ætti ekki að vera meiri en um það bil 8 - 10.000 OU eða mun minni en þegar gyltur voru í Brautarholti 5 en þá var miðað við að 18.160 lyktareiningar væru í Brautarholti 5. Út frá þessu ályktaði HER ranglega að mengun frá fyrirhuguðu alifuglabúi yrði mun minni en þegar gyltur voru í Brautarholti 5 og því taldi HER heimilt að víkja frá fjarlægðarreglum 6. gr. reglugerðarinnar og fleiri ákvæðum í sömu reglugerð. Afleiðing af þessum röngu forsendum HER var síðan sú að HER réttlætti undanþáguna með því að þetta væri framhald af eldri rekstri sem hefði mengað meira en hinn fyrirhugaði nýi rekstur sem stenst engan veginn eins og niðurstöður dómkvaddra matsmanna sýna ótvírætt fram á að mati kæranda.

⁹ Þetta kemur fram í töflu á bls. 38 í matsgerðinni.

¹⁰ Kærandi vill benda á það hér til samanburðar að frá meðalíslensku fjósi með 50 kúm kemur mengun sem nemur 3 – 4.000 lyktareiningum.

¹¹ Danska tilraunin var á bilinu 160 OU pr. 1.000 kg. – 240 OU pr. 1.000 kg. og HER miðaði við neðri mörkin. Kærandi vill benda á að á sama tíma og danska tilraunin var gerð voru gerðar tilraunir í Hollandi og Írlandi og sýndu þær tilraunir þrefalt meiri mengun miðað við sömu forsendur, það er 460 OU pr. 1000 kg. Með því að velja neðri mörk í einni danskri tilraun þá taldi HER sig geta sýnt fram á að um minniháttar breytingar væri að ræða sem hefði ekki í för með sér aukin óþægindi í skilningi 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015. Kærandi telur að með þessum vinnubrögðum hafi HER skraddarasaumað skilyrðin í starfsleyfinu með það að markmiði að komast hjá ófrávíkjanlegum skilyrðum í reglugerð nr. 520/015.

¹² Kærandi vill benda á að það er ekkert í íslenskum lögum sem heimilar HER að miða forsendur við handvaldar forsendur út frá einhverri tilraun sem gerð er í einhverju einstöku landi sem umsækjandi telur henta honum í umsóknarferlinu. Matsmenn benda á þetta og vísa til þess að í íslenskum reglugerðum á þessu sviði sé miðað við almennar reglur sem gilda um þetta hjá Evrópusambandinu. Hér má einnig benda á að í máli úrskurðarnefndarinnar nr. 94/2022 (skotsvæði) kom fram hjá HER að þeim væri óheimilt að nota sænskar viðmiðanir til hávaðamælinga því ekki væri vísað til þeirra í íslenskum lögum. Af skotsvæðismálinu má sjá að mikið ósamræmi er í stjórnsýslu HER hvað þetta varðar í einstökum málum. Við þetta má síðan bæta að niðurstöður HER vegna alifuglabúsins í Brautarholti 5 byggðust ekki einu sinni á dönskum viðmiðunarreglum heldur neðri mörkunum í einni handvaldri danskri tilraun sem vísað var til í skýrslu sem kærandi kostaði og lagði fram við umsókn starfsleyfisins.

Hefði HER reiknað rétt á sínum tíma og í samræmi við niðurstöðu dómkvaddra matsmanna hefði starfsleyfið aldrei verið veitt því niðurstöður matsmanna sanna ótvírætt að mengunin frá alifuglabúinu í Brautarholti 5 er mun meiri en þegar gyltur voru í sama húsi á sínum tíma.

Þar sem sýnt hefur verið fram á það í kæru þessari að skilyrði og forsendur hafa ekki verið uppfyllt fyrir undanþágunni frá fjarlægðarmörkum fyrir alifuglabúið er niðurstaðan af framangreindu sú að fjöldi dýra og lyktareiningar á svæðinu eru langt umfram þau mörk sem tilgreind eru í reglugerð nr. 520/2015. Þegar af þeirri ástæðu telur kærandi að fella eigi niður starfsleyfi alifuglabúsins.

- ix) Kærandi telur einnig rétt að benda á það að skv. gr. 1.1. í núgildandi starfsleyfisskilyrðum starfsleyfisins gildir það fyrir eggjaframleiðslu, eldi á allt að 15.000 hænuungum og 20.550 varphænum, alls 35.550 eldisstæði. Heilbrigðiseftirlitið hefur hins vegar upplýst að raunveruleikinn sé hins vegar allt annar því HER hafi samþykkt að breyta starfsleyfinu við yfirfærslu á því til Stjórnueggja ehf. og heimilað að í húsunum væru 28.000 varphænur og engir hænuungar.¹³ Þessar breytingar hafi hins vegar ekki verið færðar inn í gildandi starfsleyfi sem er opinbert og endurspeglar það starfsleyfi því ekki raunveruleikann. Að mati kæranda verður þetta að teljast mjög einkennileg stjórnsýsla sem uppfyllir ekki formkröfur sem um þetta gilda. Í þessu sambandi vill kærandi m.a. vísa til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir en þar kemur skýrt fram að ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytinga á því skuli stofnunin auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur. HER hefur ekki hirt um neinar slíkar auglýsingar og því er ljóst að starfsleyfið er ekki í samræmi við þá starfsemi sem fram fer í húsunum að þessu leyti og því ber að fella það úr gildi.

Rétt er að benda á það hér að með úrskurði sínum nr. 163/2016 sem kveðinn var upp þann 12. júní 2017, féllst úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ekki á mótmæli kæranda við útgáfu á starfsleyfi fyrir alifuglabúið sem þá var til meðferðar. Aðstæður í dag eru hins vegar gjörbreyttar. Í því sambandi má nefna í fyrsta lagi að fyrir liggur að starfsleyfisskilyrði hafa ekki verið uppfyllt og að starfsemin uppfyllir ekki reglugerðarákvæði eins og kærandi telur að hafi verið staðfest í matsgerð hinna dómkvöddu manna. Til viðbótar við þetta má nefna að HER telur sig hafa breytt starfsleyfinu munnlega eins og kom fram hér að framan þannig að nú er fuglafjöldi og samsetning hans ekki í samræmi við það sem kemur fram í starfsleyfinu.

- x) Gildandi starfsleyfi er fylgiskjal nr. 8 með kæru þessari. Þegar horft er til stöðunnar í dag og dómkvadda matsins sést að það er ekkert verið að fara eftir því í fjölmörgum atriðum. Í þessu sambandi vill kærandi nefna eftirfarandi atriði:
- a) Starfsleyfishafi virðist hafa samið munnlega við HER um að ekki þurfi að fara eftir ákvæði 1.1. í starfsleyfinu og í búinu í dag er einhver allt önnur samsetning

¹³ Þetta kemur m.a. fram í bréfi HER til kæranda sem dagsett er þann 8. mars 2023.

- á fuglum og fjölda heldur en hið opinbera starfsleyfi gerir ráð fyrir. Þetta er algjörlega óásættanlegt að mati kæranda.
- b) Í gr. 4.1. í sértæku starfsleyfisskilyrðunum kemur fram að rekstraraðili skuli nota bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir o.s.frv. Í gr. 4.5. kemur fram að takmarka skuli loftmengun frá starfseminni eins og kostur er og tryggja skuli að rakastig í búunum sé hæfilegt þannig að komið sé í veg fyrir óþarfa ryk í útblæstri. Þar kemur einnig fram að sérstaklega beri að gæta að mengun gagnvart nærliggjandi íbúabyggð. Matsmenn hafa m.a. bent á að enginn búnaður sé í húsunum til lyktheyðingar og því er þetta skilyrði starfsleyfisins ekki uppfyllt. Þar að auki liggur fyrir að rykmengun kemur upp í gegnum strompana og fer óhindrað út í andrúmsloftið. Að mati kæranda er hér verið að brjóta 36. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir en þar kemur fram að ábyrgðaraðilar starfsleyfisskylds atvinnurekstrar sem hafi í för með sér losun mengandi efna í andrúmslofti skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. með umhverfisstjórnun og hreinsibúnaði til að draga úr slíkri losun eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð.
- c) Kærandi telur að niðurstaða matsmanna sýni fram á að rekstraraðili uppfyllir ekki skyldur sínar skv. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir en þar kemur fram að rekstraraðilar skuli tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við við ákvæði laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim og starfsleyfisskilyrða.
- d) Hvað almennu starfsleyfisskilyrðin varðar er ljóst að starfsleyfishafi uppfyllir ekki ákvæði 4.1, 4.4 og 4.7 er varða mengunarvarnir.

5. Samantekt á nokkrum atriðum og ábendingar

Í kæru þessari hefur verið bent á fjölmörg atriði sem styðja það að fella eigi niður starfsleyfi alifuglabúsins þar sem um rangar forsendur var að ræða þegar starfsleyfið var veitt og búið uppfyllir í dag ekki öll þau skilyrði sem sett eru í starfsleyfinu. Alifuglabúið uppfyllir ekki heldur skilyrði sem sett eru í reglugerð 520/2015 um fjarlægðir og fleira. Kærandi telur að matsgerð dómkvaddra matsmanna styðji þessa niðurstöðu. Í þessu sambandi vill kærandi m.a. nefna:

- i) Í dómkvöddu matsgerðinni er það staðfest að tilheyrandi BAT skilyrði varðandi alifuglabúið eru ekki öll uppfyllt.
- ii) Dómkvaddir matsmenn staðfesta að rykmengun berst frá alifuglabúinu út í umhverfið frá strompum þess.
- iii) Dómkvaddir matsmenn staðfesta að enginn búnaður sé í alifuglabúinu til lyktheyðingar. Enginn mengunarvarnarbúnaður er í alifuglabúinu eins og alltaf hefur verið gerð krafa um.
- iv) Dómkvaddir matsmenn staðfesta að alifuglabúið uppfyllir ekki skilyrði um fjarlægðir o.fl. sem sett eru í reglugerð 520/2015. Kærandi telur að það eitt eigi að leiða til þess að starfsleyfi alifuglabúsins eigi að fella úr gildi.

- v) Dómkvaddir matsmenn staðfesta að breytingar á Brautarholti 5, árið 2016 hafi verið meiriháttar í skilningi reglugerðar 520/2015 sem hefði átt að leiða til þess að starfsleyfi fyrir alifuglabúið mátti ekki gefa út að mati kæranda. Í þessu sambandi vill kærandi ítreka það sem m.a. kom fram í neðanmálgrein 4 hér að framan að árið 2016 þegar HER gaf undanþágu frá fjarlægðarmörkum horfðu þeir ekki til þess að um var að ræða: a) hús sem hafði staðið tómt í 6 ár og hafði ekki starfsleyfi, b) að skipt var um dýrategund, c) að um meiriháttar breytingar á húsnæðinu var að ræða sem kallaði á breytingar á deiliskipulagi, d) um var að ræða nýjan starfsleyfishafa, e) um var að ræða útreikninga á mengun frá starfsleyfishafa sjálfum en HER framkvæmdi ekki sjálfstætt mat og f) að í 100 m fjarlægð var eitt stærsta svínabú landsins og að allt of stutt var á milli búanna skv. fortakslausum skilyrðum í reglugerð 520/2015 sem var í gildi á þeim tíma.
- vi) Niðurstaða dómkvaddra matsmanna er að á svæðinu séu 97.000 – 156.000 OU sem er langt umfram þau mörk sem kæranda verður gert að þola. Í því sambandi má benda á að dómkvaddir matsmenn telja að hámarksfjöldi lyktareininga á öllu svæðinu miðað við skilyrði í reglugerð 520/2015 sé 80.000 OU.
- vii) Kærandi telur að við mat á niðurfellingu á starfsleyfi alifuglabúsins þurfi að horfa til þess að viðurkennt er að útblástursmengun frá stórum hænsnabúum er hættuleg heilsu manna og að innan við 100 metra frá alifuglabúinu er eitt stærsta svínabú landsins sem er með tæplega fjórum sinnum fleiri dýr og mengun en miða á við sem hámark skv. reglugerð 520/2015.


.....

Í ljósi alls ofangreinds er þess krafist að fallist verði á kröfur kæranda í máli þessu.

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn og setja fram auknar kröfur á síðari stigum þessa máls.

Virðingarfyllst,

f.h. kæranda



Árni Ármann Árnason hrl.

Fylgiskjöl:

1. Bréf Bjarna Pálssonar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 10. ágúst 2018.
2. Matsbeiðni
3. Matsgerð dómkvaddra manna.
4. Bréf Bjarna Pálssonar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur o.fl., dags. 2. ágúst 2022.
5. Svarbréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 29. sept. 2022.

6. Bréf Bjarna Pálssonar til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, dags. 25. janúar 2023.
7. Svarbréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 8. mars 2023.
8. Gildandi starfsleyfi Stjörnueggja ehf. sem var endurútféið 10. apríl 2018.
9. Bréf Umhverfisstofnunar til Stjörnugrís hf. þar sem birt er ákvörðun um þörf á endurskoðun á starfsleyfi Stjörnugrís hf. í Brautarholti.
10. Tölvupóstur lögmanns Bjarna Pálssonar, dags. 29. ágúst 2023 til formanns heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.
11. Tölvupóstur lögmanns Bjarna Pálsson, dags. 22. sept. 2023, til formanns heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.
12. Bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 29. nóvember 2023.

ⁱ Almennt er það viðurkennt að mengun frá jafn stóru þauleldisbúi í alifuglarækt og er í Brautarholti 5 er heilsuspillandi fyrir nágranna. Það er m.a. staðfest í gögnum frá HER, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og skv. erlendum háskólarannsóknum.



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. febrúar 2024
Tilvísun: 2024010016/50.15

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. 147/2023 vegna kæru Bjarna Pálssonar þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 29. nóvember sl. um að verða ekki við kröfu kæranda um afturköllun á starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5 á Kjalarnesi

Kæran barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (hér eftir HER) með tölvupósti frá úrskurðanefndinni dags. 29. desember 2023. Í umsögn þessari er viðhorfum HER lýst til kærunnar.

Málavextir

Með bréfi dags. 2. ágúst 2022 (fylgiskjal 9) til HER krafðist kærandi þess að starfsleyfi fyrir alifuglabúið að Brautarholti 5, Kjalarnesi yrði afturkallað. Með bréfi HER dags. 29. september s.á. (fylgiskjal 10) var kröfunni hafnað. Krafa kæranda var svo ítrekuð með bréfi til Heilbrigðisnefndar dags. 25. janúar 2023 (fylgiskjal 11). Því bréfi var svarað með bréfi HER, dags. 8. mars 2023 (fylgiskjal 12) þar sem fram kom að ekki væri tilefni til endurskoðunar starfsleyfis alifuglabúsins.

Kærandi kærði ákvörðun HER til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála sem úrskurðaði þann 17. ágúst 2023 í máli nr. 44/2023. Niðurstaða nefndarinnar var sú að kærandi hafi komið á framfæri sjónarmiðum, m.a. með því að afla álits dómkvaddra matsmanna, þar sem fram hafi komið rökstuðningur um að umhverfisáhrif alifuglabúsins væru umtalsvert meiri en gert hafi verið ráð fyrir við útgáfu starfsleyfis. Beiðni kæranda hafi hins vegar ekki hlotið efnislega umfjöllun af hálfu HER og taldi nefndin að HER hefði átt að veita ítarlegri og efnisleg andsvör við framkomnum athugasemdum og því væri rökstuðningur fyrir því hvort skilyrði til afturköllunar á stjórnvaldsákvörðuninni væri til staðar ábótavant.

Nefndin taldi þá einnig að HER hefði ekki, undir rekstri málsins, gert neitt til að færa fram ítarleg og efnisleg svör, þar með talið hvort til sé að dreifa brotum á starfsleyfisskilyrðum og þá hvernig eða hvort brugðist hafi verið við þeim. Úrskurðanefndin felldi úr gildi ákvörðun HER, um að hafna kröfu um að starfsleyfi alifuglabúsins yrði fellt úr gildi og var málinu vísað til HER að nýju til frekari meðferðar.

Þann 5. október sl. féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E-3267/2021 en sá dómur lítur að þessu máli þó þar hafi kærandi stefnt Reykjavíkurborg. Í dómnum er meðal annars fjallað um atriði sem rakin voru í máli 44/2023 að einhverju leyti. Niðurstaða dómsins var sú að Reykjavíkurborg var sýknuð af öllum kröfum stefnanda.



Með bréfi dags. 29. nóvember 2023 (fylgiskjal 13) sendi HER kæranda bréf þar sem athugasemdum hans var svarað og kröfu um afturköllun starfsleyfis alifuglabúsins var hafnað á ný.

Kröfugerð

Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun HER sem fram kom að nýju í bréfi dags. 29. nóvember 2023 (fylgiskjal 13), þess efnis að hafna kröfu kæranda um að afturkalla starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5.

Kærandi krefst þess þá einnig að lagt verði fyrir HER að uppfylla lagaskyldur sínar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem settar hafa verið skv. lögum þeim og sjái til þess að starfsleyfi alifuglabúsins verði felld niður og búinu lokað þar sem ýmsar forsendur og ýmis starfsleyfisskilyrði (fylgiskjal 1) og reglugerð 520/2015 hafa aldrei verið uppfyllt.

Til vara krefst kærandi þess að úrskurðanefndin felli sjálf niður umrætt starfsleyfi og sjái til þess að búinu verði lokað.

HER krefst þess að öllum kröfum kæranda verði hafnað eða e.a. vísað frá úrskurðanefndinni.

Málsástæður og lagarök

Varðandi málsástæður og lagarök vísast til kæru, dags. 29. desember 2023, en einna helst er á því byggt af hálfu kæranda að forsenda fyrir útgáfu starfsleyfisins sé brostin og að mörg starfsleyfisskilyrði hafi aldrei verið uppfyllt. Kærandi telur núverandi starfsemi og staðsetning alifuglabúsins sé óheimil þegar horft sé til lagaákvæða og reglugerða sem um starfsemina gilda. Kröfur kæranda byggja einna helst á svörum dómkvaddra matsmanna í matsgerð dags. 3. júní 2023 (fylgiskjal 8) við spurningum um stöðu mengunarmála á svæðinu.

Umsögn HER

Við vinnslu starfsleyfisumsóknar alifuglabúsins óskaði HER eftir gögnum frá umsækjanda, þar á meðal útreikningum á lyktardreifingu og lyktarálagi vegna starfseminnar. Áður en starfsleyfið var veitt hafði HER móttakið og rýnt skýrslur frá verkfræðistofunni Eflu um dreifingu lyktarmengunar vegna starfseminnar og hversu mikið það myndi bæta við mengun frá svínabúi við Brautarholt 10 (sjá fylgiskjal 3-4). HER lét í kjölfarið yfirfara skýrslurnar af verkfræðistofunni Mannvit, sem óháðum aðila (sjá fylgiskjal 4). Niðurstaðan var sú að alifuglabúið hefði í för með sér takmarkaða viðbót í loftmengun. Rökstuðningur HER var birtur við útgáfu starfsleyfis (sjá fylgiskjal 1). HER sinnti því bæði rannsóknar- og leiðbeiningarskyldu sinni við útgáfu starfsleyfisins.

Með úrskurði úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála í málinu nr. 163/2016 var kröfu kæranda um ógildingu starfsleyfisins fyrir alifuglabúið, sem gefið var út þann 8. nóvember



2016, hafnað. Í niðurstöðukafla úrskurðar nr. 163/2016 segir:

„Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína skal við nýbyggingu, meiri háttar breytingar, stækkanir á eldihúsum eða breytta notkun í eldihús, sem geta valdið óþægindum umfram það sem fyrir er, gæta þess að fjarlægð milli eldishúss alifuglaeldis og annarra matvælaþyrirtækja verði að lágmarki 300 m. Á svæðinu sem um ræðir er þegar staðsett hús til þauleldis svína og hafði áður verið starfrækt svínaeldi í Brautarholti 5. Í ljósi þessa verður að telja hina kærðu breytingu á notkun hússins óverulega. Fellur hún því ekki undir framangreint reglugerðarákvæði. Þá er starfsleyfið í samræmi við deiliskipulag svæðisins, sem staðfest var með úrskurði úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 136/2016 uppkveðnum fyrr í dag.“

Með ofangreint í huga er ekki talin ástæða til þess að fjalla nánar um þá málsástæðu kæranda um að staðsetning alifuglabúsins sé óheimil.

Líkt og fram kemur í 1.1. gr. starfsleyfisskilyrða alifuglabús Brúneggja ehf., sem síðar var yfirfært á Stjörnuegg hf., gerði starfsleyfið ráð fyrir eldi á allt að 15.000 hænuungum og 20.550 varphænum, alls 35.550 eldisstæði. Eftir starfsleyfisveitinguna hefur starfsleyfishafi breytt samsetningu og fjölda í 28.000 varphænur (sjá eftirlitsskýrslu HER dags. 23. ágúst 2018, fylgiskjal 5). Að því gefnu að notuð séu sömu gildi fyrir áætlun á lyktarmengun og í skýrslum Eflu, fer áætlaður fjöldi lyktareininga frá rekstrinum úr 11.004 í 7.800 við þessa breytingu. Þar sem um er að ræða lægri gildi á mögulegri lyktarmengun, þ.e. minna mengunarálag, hefur HER ekki talið tilefni til þess að breyta starfsleyfisskilyrðum alifuglabúsins á Kjalarnesi og því ekki þörf á að auglýsa drög að breytingu á starfsleyfinu, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 líkt og kærandi hefur haldið fram.

HER hafa borist u.þ.b. 36 kvartanir vegna ólyktar frá starfsemi, í kjölfar veitingu starfsleyfisins. Þær kvartanir hafa einungis komið frá kæranda. Þrátt fyrir fjölda ferða vegna slíkra kvartana og við reglubundið eftirlit hefur HER ekki geta staðfest kvartanir um umtalsverða loftmengun eða mengun umfram áætlun við útgáfu starfsleyfisins, sbr. skráðar kvartanir og eftirlitsskýrslur (fylgiskjöl nr. 6 og 14).

„Þegar kemur að bestu aðgengilegu tækni eins og bestu fánlegu tækni áður, gildir að það á að nota þá tækni sem þarf til að ná þeim árangri sem þarf til að koma í veg fyrir mengun/óþægindi. Taka þarf tillit til aðstæðna, kostnaðarhagkvæmni o.s.frv. það er ekki gerð krafa um notkun á tækni sem getur verið óþarflega íþyngjandi fyrir rekstraraðila kostnaðarlega eða í framkvæmd. Varðandi rekstur alifuglabúsins í Brautarholti hefur HER ekki geta staðfest kvartanir um umtalsverða loftmengun eða mengun umfram áætlun við útgáfu starfsleyfisins. HER hefur því ekki talið tilefni til að gera kröfu um auknar ráðstafanir sem tæku mið af BAT-niðurstöðum.“
(fylgiskjal 13)

Með úrskurði þann 17. ágúst 2023 í máli nr. 44/2023 kom nefndin á framfæri athugasemdum við málsmeðferð heilbrigðiseftirlitsins á fyrri stigum þessa sama máls. Taldi nefndin að HER



hefði átt að svara fram komnum athugasemdum kæranda á ítarlegri máta og að færa hefði átt fram efnisleg andsvör með bréfi þar sem kæranda var tilkynnt um að ekki stæði til að fella úr gildi starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5.

Að undangenginni niðurstöðu héraðsdóms í máli nr. E-3267/2021, brást HER við athugasemdum nefndarinnar með bréfi til kæranda, dags. 29. nóvember 2023, með því að færa fram ítarleg svör við þeim fjölmörgu atriðum sem kærandi hefur borið á borð síðustu misseri. HER bendir í þessu samhengi sérstaklega á að svör við öllum fullyrðingum kæranda í kæru, sem fram koma í tölusetnum liðum í kafla 5. „*Samantekt á nokkrum atriðum og ábendingum*“ má finna í bréfi til kæranda, dags. 29. nóvember 2023 (fylgiskjal 13). HER bendir þó einnig á að kærandi hefur í gegnum tíðina ítrekað verið svarað og fengið afhent umbeðin gögn, sbr. t.a.m. fylgiskjal 6.

Að undangenginni ítarlegri rannsókn og yfirferð yfir gögn málsins komst HER að sömu niðurstöðu og áður:

„HER hefur tekið málið til frekari meðferðar í samræmi við úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 44/2023, og svarað hér nánar spurningum umbjóðanda þíns, sbr. bréf dags. 2. ágúst 2022 og 25. janúar 2023. Í bréfunum er gerð krafa um afturköllun á starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5 vegna mengunar í Brautarholti á Kjalarnesi. Krafan byggir á efnisatriðum í matsgerð í matsmáli nr. M-1839/2021, dags. 3. júní 2022. Efnisatriði í matsgerðinni, upplýsingar sem HER hefur aflað við reglubundið eftirlit og skoðunarferðir vegna lyktarkvartana frá umbjóðanda þínum hafa ekki gefið tilefni til að endurskoða eða afturkalla starfsleyfið.“
(fylgiskjal 13)

Líkt og gögn málsins bera með sér hefur HER sinnt eftirlitshlutverki sínu frá því að starfsleyfi var gefið út. Í reglubundnu eftirliti hafa ekki komið fram frávik sem leitt hafi til alvarlegra úrbótakrafna og aldrei svo alvarleg frávik að komið hafi til álita að svipta rekstraraðila starfsleyfi. Svipting starfsleyfis er alvarleg og íþyngjandi aðgerð sem ekki er réttlætunleg að tekin sé, m.t.t. meðalhófs, nema fyrir hendi séu alvarleg brot gegn starfsleyfisskilyrðum sem ekki hafi verið bætt úr þrátt fyrir ítrekaðar kröfur þar um.

Telja verður að HER hafi nú fært ítarleg rök fyrir þeirri afstöðu að forsendur fyrir útgáfu umþrættis starfsleyfis séu ekki brostnar og að ekki sé tilefni til þess að nýta heimildir hollustuháttalaga nr. 7/1998 til þess að endurskoða eða breyta starfsleyfinu. Af sömu ástæðum verður ekki talið tilefni til þess að nýta heimild 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 til afturköllunar ákvörðunar. Vísast hvað þetta varðar fyrst og fremst til bréfs HER til kæranda, dags. 29. nóvember 2023 (fylgiskjal 13), en einnig til annarra fylgigagna og fyrri úrskurða nefndarinnar.

Niðurstaða

Ítrekuð er sú krafa að kröfu kæranda verði hafnað eða vísað frá enda ekkert fram komið sem leitt geti til ógildingar ákvörðunar HER þess efnis að hafna endurskoðun eða afturköllun starfsleyfis.



Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kærú og í umsögn þessari er þess óskað að HER verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar kemur.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Snædís K. Bergmann
Snædís Karlsdóttir Bergmann
lögfræðingur

Ásgeir Björnsson
Ásgeir Björnsson
heilbrigðisfulltrúi

Meðfylgjandi:

1. Starfsleyfisskýrði fyrir alifuglabúí Brúneggja ásamt rökstuðningi HER – 2016
2. Skýrsla Eflu verkfræðistofu - Mat á lyktarónæði, dags. janúar 2015
3. Skýrsla Eflu verkfræðistofu - Fyrirspurn um matsskyldu, dags. janúar 2016
4. Minnisblað Mannvits - Yfirferð á skýrslum Eflu um lyktarónæði - dags. 11. febrúar 2016
5. Eftirlitsskýrsla HER - Stjórnuegg Brautarholti 5 - dags. 23. ágúst 2018
6. Svarbréf HER við kvörtun og kröfu um upplýsingar vegna mengunar í Brautarholti á Kjalarnesi, dags. 13. september 2018
7. Greinagerð Stjórnueggja hf. til HER um hvernig niðurstöður BAT eru uppfylltar - dags. október 2021
8. Matsgerð - dags. 3. júní 2022
9. Bréf frá kæranda til Umhverfisstofnunar og HER - dags. 2. ágúst 2022
10. Svarbréf HER til kæranda - dags. 29. september 2022
11. Bréf frá kæranda til Heilbrigðisnefndar- dags. 25. janúar 2023
12. Svarbréf HER til kæranda - dags. 8. mars 2023
13. Svarbréf HER til kæranda - dags. 29. nóvember 2023
14. Eftirlitsskýrslur HER vegna kvartana og reglubundins eftirlits að Brautarholti á Kjalarnesi



Árið 2024, fimmtudaginn 4. apríl, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Arnór Snæbjörnsson formaður og Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður. Geir Oddsson auðlindafræðingur tók þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Fyrir var tekið mál nr. 147/2023, kæra á ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 29. nóvember 2023, um að hafna kröfu kæranda um afturköllun starfsleyfis alifuglabúsins að Brautarholti 5 á Kjalarnesi.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 29. desember 2023, er barst nefndinni sama dag, kærir Bjarni Pálsson, eigandi jarðarinnar Brautarholts 1 á Kjalarnesi, ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 29. nóvember 2023, um að hafna kröfu hans um afturköllun starfsleyfis alifuglabúsins að Brautarholti 5. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt lögunum og sjá til þess að búinu verði lokað. Til vara er þess krafist, með líkum hætti, að úrskurðarnefndin felli niður téð starfsleyfi og sjái til þess að alifuglabúinu verði lokað. Verður álitíð að sú krafa sé hluti af aðalkröfu kæranda og verður því ekki fjallað um hana sérstaklega.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 6. febrúar 2024.

Málavextir: Í Brautarholti á Kjalarnesi er starfrækt eldi alifugla. Fer eldið fram í húsi sem er í um 200 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi kæranda. Í húsinu var svínaeldi fram til ársins 2010 en engin starfsemi síðan til ársins 2016 þegar húsið var aftur tekið í notkun og þá sem eldishús fyrir alifugla samkvæmt starfsleyfi dags. 11. apríl 2016. Með leyfinu eru heimiluð 35.550 eldisstæði og skiptist það í eldi á allt að 15.000 hænuungum og 20.550 varphænum. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 11. apríl 2016 um veitingu starfsleyfisins var borin undir úrskurðarnefndina af kæranda sem og ákvörðun borgarráðs frá 1. september s.á. um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi vegna lóðar þeirrar sem húsið stendur á. Í úrskurðum nefndarinnar í málum nr. 136/2016 og 163/2016 sem kveðnir voru upp 12. júní 2017 var kröfum um ógildingu hafnað. Þá skal þess getið að jafnframt þessu er starfrækt umfangsmikið þaueldi svína í Brautarholti í húsum sem eru í um 325 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi kæranda.

Hinn 25. mars 2021 óskaði kærandi eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að skipaðir yrðu matsmenn til að leggja mat á ýmis atriði varðandi stöðu mengunarmála og annarra atriða sem hann taldi ábótavant á svæðinu vegna starfsemi beggja eldisbúa. Hinn 3. júní 2022 skiluðu hinir dómkvöddu matsmenn matsgerð þar sem ýmsar athugasemdir voru gerðar m.a. við stöðu mengunarmála á svæðinu. Í matsgerðinni kom m.a. fram að í starfsleyfi alifuglabúsins væri gerð krafa um að starfsemin þyrfti að standast kröfur sem fram komi í BAT viðmiðunarskjali. Ljóst væri að nokkur þeirra skilyrða væru ekki uppfyllt og var um það vísað nánar til BAT 11,

13, 23 og 26 í BAT-niðurstöðum fyrir þéttbært eldi alifugla og svína. Með erindum dags. 2. ágúst 2022 til umhverfissráðuneytisins varðandi svínabúið og til heilbrigðiseftirlitsins um alifuglabúið var þess krafist að starfsleyfi beggja búanna yrðu afturkölluð. Heilbrigðiseftirlitið hafnaði þeirri kröfu 29. september s.á. Í framhaldi sendi kærandi erindi á Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur dags. 25. janúar þar sem gerð var krafa um að starfsleyfi alifuglabúsins yrði fellt úr gildi. Því erindi svaraði heilbrigðiseftirlitið í bréfi dags. 8. mars 2023 þar sem kröfu kæranda var synjað. Sú ákvörðun var kærð til úrskurðarnefndarinnar.

Með úrskurði í máli nr. 44/2023, dags. 17. ágúst 2023, felldi úrskurðarnefndin úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 8. mars s.á. Með því var erindi kæranda vísað til heilbrigðiseftirlitsins að nýju til frekari meðferðar með vísan til þeirra skyldna sem á stjórnvöldum hvíla við framkvæmd laga nr. 7/1998. Mat úrskurðarnefndin þáð svo að bréf heilbrigðiseftirlitsins þar sem beiðni kæranda var hafnað, hefði átt að vera ítarlegra og fela í sér efnisleg andsvör við framkomnum athugasemdum. Við meðferð málsins hefði heilbrigðiseftirlitið ekki gert nokkurn reka að því að færa fram slík svör eða veita nánari upplýsingar um starfsemi alifuglabúsins, þ.m.t. hvort til væri að dreifa brotum á starfsleyfisskilyrðum og þá hvernig eða hvort brugðist hafi verið við þeim.

Með tölvubréfum, dags. 29. ágúst og 22. september 2023, til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, vakti kærandi athygli á úrskurði úrskurðarnefndarinnar og óskaði eftir viðbrögðum. Í svarbréfi heilbrigðiseftirlitsins, dags. 29. nóvember s.á. voru athugasemdir kæranda raktar og þeim svarað lið fyrir lið. Kom þar fram að efnisatriði í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, upplýsingar sem heilbrigðiseftirlitið hafi aflað við reglubundið eftirlit og skoðunarferðir vegna lyktarkvartana hafi ekki gefið tilefni til að endurskoða eða afturkalla starfsleyfið. Hefur sú afstaða sem í þessu felst verið í máli þessu borin undir úrskurðarnefndina.

Málsrök kæranda: Kærandi telur forsendur fyrir útgáfu starfsleyfis alifuglabúsins vera brostnar. Mörg skilyrði starfsleyfisins hafi aldrei verið uppfyllt. Þá samræmist starfsemi og staðsetning alifuglabúsins ekki lögum og reglugerðum. Byggi þetta meðal annars á niðurstöðu dómkvaddra matsmanna frá 3. júní 2022, en þar komi fram að í starfsleyfinu sé kveðið á um að starfsemin þurfi að uppfylla skilyrði bestu aðgengilegu tækni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína, sem innleidd hafi verið með reglugerð nr. 935/2018. Þó nokkur ákvæði BAT-niðurstaðna, sem eigi við um starfsemina, séu ekki uppfyllt. Tilgreint er í matinu að rykmengun frá útblástursstút á þaki hússins hafi verið staðfest, enginn búnaður sé til lyktareyðingar og ekki sé til staðar umhverfisstjórnunarkerfi.

Í matsbeiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur sé rakið að 12. mars 2015 hafi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sent umsögn til umhverfissráðuneytisins varðandi beiðni þáverandi rekstraraðila alifuglabúsins um undanþágu frá fjarlægðarmörkum skv. 24. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. heimild í 74. gr. hennar. Í nefndri umsögn hafi verið komið inn á nauðsyn mengunarvarna og tekið fram að setja þyrfti viðeigandi mengunarvarnarbúnað til að lágmarka óþægindi af völdum starfseminnar. Tekið hafi verið fram að kröfur um slíkan búnað yrðu settar í starfsleyfi búsins og yrði hann að vera til staðar áður en rekstur hæfist. Einnig hafi komið fram að lyktarmengun vegna stórra alifuglabúa gæti verið vandamál sem skaði heilsu manna, sé hún viðvarandi auk þess að rýra lífsgæði. Útblæstri geti einnig fylgt möguleg smithætta. Í matsgerðinni komi fram að fjarlægðin milli svínabúsins og alifuglabúsins í Brautarholti sé aðeins 100 m. Sú fjarlægð uppfylli ekki skilyrði 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína, en þar komi fram að lágmarksfjarlægð milli húsanna skuli vera 300 metrar.

Með reglugerðinni hafi verið settar reglur um slík eldishús, m.a. um fjarlægð frá þeim þegar um sé að ræða nýbyggingu og við meiri háttar breytingar á húsnæði. Þar sé engin heimild til að veita undantekningar frá fjarlægðarreglum. Þrátt fyrir það hafi slík undantekning verið veitt árið 2016 fyrir alifuglabúid í Brautarholti. Með matsgerð dómkvaddra matsmanna sé nú sannað að forsendur fyrir þeirri undanþágu hafi verið ólögmatar. Þá séu brostnar þær forsendur sem þá hafi verið miðað við, en ýmis skilyrði í starfsleyfinu sem kveði á um viðeigandi mengunarbúnað hafi aldrei verið uppfyllt. Í matsgerðinni hafi komið fram að ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 1. september 2016 um að samþykkja breytingar á skilmálum deiliskipulags Brautarholts á Kjalarnesi fari gegn fjarlægðarmörkum a. og b. liðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015, þar sem um matvælafyrirtæki sé að ræða. Þá eigi fjarlægðarmörk 6. gr. reglugerðarinnar við þegar um sé að ræða meiriháttar breytingar á eldri mannvirkjum. Sé það staðfest í matsgerðinni að breytingar á Brautarholti 5 árið 2016, þegar fasteigninni var breytt vegna fyrirhugaðs alifuglaeldis, hefðu verið meiriháttar og því eigi framangreind 300 m fjarlægðarmörk við í öllum tilvikum.

Við mat á fjölda lyktareininga hafi hinir dómkvöddu matsmenn gefið sér tvenns konar forsendur varðandi samsetningu dýra og komist að þeirri niðurstöðu að fjöldi lyktareininga á svæðinu umhverfis svína- og alifuglahúsin væri á bilinu 97.000–156.000 OUE. Sé miðað við leyfilegt hámark skv. reglugerð nr. 520/2015 væri hámark lyktareininga fyrir sama svæði 80.000 OUE, þar af væru 42.000 OUE frá alifuglabúinu. Framangreind niðurstaða matsmanna á fjölda lyktareininga á svæðinu staðfesti að sá fjöldi lyktareininga sem heilbrigðiseftirlitið hafi miðað við á sínum tíma sé rangur. Þar með væru brostnar þær forsendur fyrir veitingu leyfisins að fjöldi lyktareininga frá alifuglahúsinu yrði minni heldur en þegar þar hefði verið svínabú. Eigi það einnig við um forsendur fyrir undanþágu frá skilyrðum reglugerðar nr. 520/2015.

Hinar röngu forsendur heilbrigðiseftirlitsins hafi byggst á neðri mörkum í einni danskri tilraun, sem hafi verið handvalin og hafi verið ályktað á grundvelli hennar að fjöldi lyktareininga í fyrirhuguðu alifuglabúu yrði ekki meiri en 8–10.000 OUE. Með því að velja neðri mörkin hefði heilbrigðiseftirlitið talið sig geta sýnt fram á að um minniháttar breytingar væri að ræða sem ekki hefðu í för með sér aukin óþægindi í skilningi 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015. Með þessu hefði undanþága verið réttlætt á þeirri forsendu að um væri að ræða framhald af eldri rekstri sem hefði mengað meira en fyrirhugaður rekstur alifuglabúsins. Hefði heilbrigðiseftirlitið reiknað rétt á sínum tíma og í samræmi við niðurstöðu sem fram kom í matgerð hinna dómkvöddu matsmanna, hefði umdeilt leyfi aldrei verið veitt.

Samkvæmt gr. 1.1. í núgildandi starfsleyfisskilyrðum gildi það fyrir eggjaframleiðslu, eldi á allt að 15.000 hænuungum og 20.550 varphænum, alls 35.550 eldisstæði. Heilbrigðiseftirlitið hafi hins vegar upplýst að raunveruleikinn væri allt annar því við yfirfærslu leyfisins til nýs rekstraraðila hafi verið heimilað að hafa í húsinu 28.000 varphænur og enga unga. Þessar breytingar hefðu ekki verið færðar í starfsleyfið. Sé þetta mjög einkennileg stjórnsýsla sem uppfylli ekki formkröfur. Í þessu samhengi sé vísað til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 þar sem fram komi að við endurskoðun eða breytingu starfsleyfa skuli stofnunin auglýsa drög að slíkri breytingu í að lágmarki í fjórar vikur.

Þegar heilbrigðiseftirlitið hafi gefið undanþágu frá fjarlægðarmörkum árið 2016, hefði ekki verið horft til þess að um væri að ræða: a) hús sem hefði staðið tómt í sex ár, b) að skipt hafi verið um dýrategund, c) að um meiriháttar breytingar á húsnæðinu væri að ræða sem kallaði á breytingar á deiliskipulagi, d) um hafi verið að ræða nýjan starfsleyfishafa, e) útreikningar á mengun hafi komið frá starfsleyfishafa sjálfum, en heilbrigðiseftirlitið hafi ekki framkvæmt

sjálfstætt mat og f) að í 100 m fjarlægð var eitt stærsta svínabú landsins og að allt of stutt væri milli húsanna samkvæmt fortakslausum skilyrðum í reglugerð nr. 520/2015 sem var í gildi á þeim tíma.

Málsrök Heilbrigðiseftirlitsins: Vísað er til þess að við vinnslu starfsleyfisumsóknar alifuglabúsins hafi verið óskað eftir útreikningum á lyktardreifingu og lyktarálagi vegna starfseminnar. Áður en starfsleyfið hafi verið veitt hafi heilbrigðiseftirlitið rýnt skýrslur verkfræðistofu um dreifingu lyktarmengunar frá starfseminni og hversu miklu hún myndi bæta við mengun frá nálægu svínabúi. Hafi heilbrigðiseftirlitið í kjölfarið fengið aðra óháða verkfræðistofu til þess að yfirfara skýrslurnar. Var niðurstaðan sú að alifuglabúið hefði í för með sér takmarkaða viðbót í loftmengun. Rökstuðningur hefði verið birtur samhliða útgáfu leyfisins og eftirlitið þar með sinnt bæði rannsóknar- og leiðbeiningarskyldu sinni.

Í máli nr. 163/2016 fyrir úrskurðarnefndinni hafi kröfu kæranda, um ógildingu starfsleyfis alifuglabúsins sem gefið var út 8. nóvember 2016, verið hafnað með vísan til þess að sú breyting sem gerð hafi verið á notkun hússins hefði verið óveruleg og félli því ekki undir fjarlægðarreglu 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína. Liggi því fyrir afstaða til þess álitaefnis.

Líkt og fram komi í gr. 1.1. í starfsleyfisskilyrðum gerði leyfið ráð fyrir eldi á allt að 15.000 hænuungum og 20.550 varphænum, alls 35.550 eldisstæðum. Eftir starfsleyfisveitinguna hafi starfsleyfishafi breytt samsetningu og fjölda í 28.000 varphænur. Að því gefnu að notuð séu sömu gildi fyrir áætlun á lyktarmengun og í áður nefndri skýrslu um dreifingu lyktarmengunar, fari áætlaður fjöldi lyktareininga frá rekstrinum við þetta úr 11.004 í 7.800. Þar sem um sé að ræða lægri gildi á mögulegri lyktarmengun hefði ekki verið talið tilefni til að breyta starfsleyfisskilyrðum alifuglabúsins og því ekki verið þörf á að auglýsa drög að breytingu á starfsleyfinu sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðiseftirlitinu hafi borist 36 kvartanir vegna ólyktar frá útgáfu starfsleyfisins sem hafi allar komið frá kæranda. Þrátt fyrir fjölda eftirlitsferða vegna þeirra og við reglubundið eftirlit hafi aldrei verið unnt að staðfesta umtalsverða loftmengun eða mengun umfram áætlun.

Heilbrigðiseftirlitið hafi brugðist við athugasemdum úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 44/2023 með bréfi til kæranda dags. 29. nóvember 2023. Í bréfinu hafi verið færð fram ítarleg svör við þeim fjölmörgu atriðum sem kærandi hafi borið fram síðustu misseri. Kærandi hafi þar með verið upplýstur um að heilbrigðiseftirlitið hafi komist að sömu niðurstöðu og áður, að undangenginni ítarlegri rannsókn. Þá liggi einnig fyrir niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3267/2021, þar sem Reykjavíkurborg hafi verið sýknuð af kröfum kæranda um skaðabótaskyldu vegna fjártjóns vegna breytingar á deiliskipulagi í Brautarholti á Kjalarnesi sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 19. september 2016.

Líkt og gögn málsins beri með sér hafi heilbrigðiseftirlitið sinnt eftirlitshlutverki sínu frá því að hið umþrætta starfsleyfi hafi verið gefið út. Í reglubundnu eftirliti hefðu ekki komið fram frávik sem leitt hefðu til alvarlegra úrbótakrafna og aldrei svo alvarleg að komið hefði til álita að svipta rekstraraðila starfsleyfi.

Viðbótarathugasemdir kæranda: Bent sé á að framangreindur dómur héraðsdóms skipti engu máli hvað varði starfsleyfið sem hér sé til umfjöllunar. Þar hafi engar kröfur verið gerðar varðandi starfsleyfið og dómurinn eingöngu snúið að skaðabótakröfu á grundvelli 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í umsögn heilbrigðiseftirlitsins sé málsástæðum í kærðu þessari ekki

svarað nema að litlu leyti og í þeim tilvikum sem svarað er standist svörin ekki skoðun. Þá sé vísað í úrskurð nefndarinnar nr. 163/2016 þar sem kröfu um ógildingu starfsleyfisins sé hafnað. Bent sé á að um sé að ræða gamlan úrskurð sem eigi ekki við eins og málum sé nú háttað. Núverandi krafa miði við stöðuna eins og hún er í dag og byggi á nýjum málsástæðum sem komið hafi fram í bréfum kæranda og í kæru þessari. Þar sé m.a. vísað til athugasemda og ábendinga sem komi fram í nýju dómkvöddu mati sem séu m.a. byggðar á því að ekki sé farið eftir kröfum sem fram komi í BAT skilyrðum og gildandi starfsleyfi. Einnig sé byggt á því í kærinni að í gildandi starfsleyfi komi fram allt önnur samsetning alifugla heldur en sú sem heilbrigðiseftirlitið telji vera í gildi.

Bent sé á að skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015 gildi fjarlægðarmörkin ef annað eða bæði af tveimur skilyrðum séu uppfyllt. Ljóst sé að bæði þessara skilyrða séu uppfyllt og því eigi fjarlægðarmörkin við. Varðandi athugasemd frá heilbrigðiseftirlitinu um að lyktarmengun frá alifuglabúinu hafi farið úr 11.004 lyktareiningum niður í 7.800 við meinta breytingu, sé ítrekað enn og aftur að margsinis sé búið að sýna fram á að í þeirri skýrslu hafi verið notast við rangar forsendur. Í nýrri skýrslu dómkvaddra matsmanna komi fram að mengun frá alifuglabúinu sé 42.840 lyktareiningar.

Í dómsmálum hafi skýrslur eins og þær sem upphaflegur leyfishafi hafi látið útbúa á sínum tíma lítið sönnunargildi í samanburði við skýrslur dómkvaddra matsmanna. Því sé einnig mótmælt að valkvætt sé að auglýsa drög að breytingu starfsleyfisins sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Þá sé hafnað fullyrðingum um að heilbrigðiseftirlitið hafi ekki geta staðfest kvartanir. Sem dæmi sé vísað til eftirlitsskýrslna dags. 23. ágúst 2018, 10. júní 2019 og 6. desember 2023, sem fylgi gögnum málsins. Þar komi ítrekað fram að töluvert ryk safnist upp á þaki búsins og staðfest að bæði fiður- og rykmengun leggi frá því. Hafi mengunin ekkert lagast síðan og sé langt yfir ásættanlegum mörkum. Ryk, fiður og bakteríur streymi enn út í umhverfið, enda engum mengunarvarnarbúnaði til að dreifa eins og margoft hafi verið staðfest af matsmönnum og eftirlitsmönnum heilbrigðiseftirlitsins.

Varðandi svör heilbrigðiseftirlitsins frá 29. nóvember 2023 sé kæruliðum aðeins svarað að mjög takmörkuðu leyti og þar sé einnig að finna fjölmargar rangfærslur. Þar á meðal sé rangt að reglugerð nr. 520/2015 hafi ekki öðlast gildi fyrr en eftir að byrjað var að starfrækja búin. Hafi hún öðlast gildi við birtingu í júní 2015, en alifuglabúið ekki hafið starfrækslu fyrr en árið 2016. Þá sé rangt að í reglugerðinni sé ekki að finna fjarlægðarmörk fyrir þessa stærð alifuglabúa. Bent sé á 4. gr. reglugerðarinnar og svar dómkvaddra matsmanna varðandi þetta atriði. Fullyrðingar um að alifuglabú séu ekki talin valda mikilli mengun séu í engu samræmi við það sem fram komi í fjölmörgum öðrum bréfum stofnunarinnar í sambærilegum málum. Eigi það einnig við í þegar meiri fjarlægð sé til að dreifa, en hér um ræði.

Leyfishafa var gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum vegna málsins, en engar bárust.

Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um þá afgreiðslu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem kemur fram í bréfi dags. 29. nóvember 2023 að hafna kröfu kæranda um afturköllun starfsleyfis alifuglabúsins að Brautarholti, dags. 11. apríl 2016. Er þess krafist að ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir það að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt þeim og sjá til þess að búinu verði lokað.

Almennt hefur verið litið svo á að synjun um endurupptöku eða afturköllun ákvörðunar sé stjórnvaldsákvörðun þar sem hún feli í sér bindandi niðurstöðu eða úrlausn um rétt eða skyldu borgaranna. Verður að meta í hverju tilviki hvort slíkri ákvörðun sé til að dreifa eða hvort afstaða stjórnvalds feli fremur í sér leiðbeiningar eða lið í meðferð máls. Kemur þar til álitá að hvaða marki í slíku tilsvári til er að dreifa afstöðu til atvika máls eða beitingu laga. Af málsgögnum má ráða að kærandi hefur lengi átt samskipti við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vegna starfsemi alifuglabúsins sem varðað hafa m.a. forsendur leyfisveitingar, mengunarvarnir og eftirlit með starfseminni. Með téðri ákvörðun frá 29. nóvember 2023 var fjallað um þessi málefni og því hafnað að endurskoða eða afturkalla starfsleyfið. Verður að álíta að með þessu sé til að dreifa afstöðu stjórnvalds sem feli í sér ákvörðun sem borin verður undir nefndina, sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998.

Starfsleyfi fyrir alifuglabúið í Brautarholti, dags. 11. apríl 2016, gildir til 8. nóvember 2028. Með því er heimilað eldi á 35.550 eldisstæðum í húsinu sem skiptist í eldi á allt að 15.000 hænuungum og 20.550 varphænum. Ákvörðun um útgáfu leyfisins var borin undir úrskurðarnefndina af kæranda og var ógilding þess hafnað með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 163/2016, sem kveðinn var upp 12. júní 2017. Var í forsendum úrskurðarins m.a. álitíð að sú breytta notkun eldishúss að taka upp alifuglaeldi í stað svínaeldis félli ekki undir fjarlægðarreglu 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína, þar sem breytingin sem í því fælist teldist óveruleg. Með þessu liggur fyrir afstaða nefndarinnar til beitingar þessa ákvæðis reglugerðarinnar, sem sætir ekki endurskoðun í þessu máli.

Í stjórnsýslulögum er mælt fyrir um að þegar ákvörðun stjórnvalds er haldin annmarka kann hún að vera ógildanleg ef annmarkinn telst verulegur og veigamiklar ástæður mæla ekki gegn því og er því stjórnvaldi sem tók ákvörðun þá heimilt að afturkalla hana sbr. 2. tölul. 25. gr. laganna. Um endurskoðun og breytingar á starfsleyfum fyrir mengandi starfsemi, vegna breyttra forsendna, eru jafnhliða sett sérstök ákvæði í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, sem að teknu tilliti til sjónarmiða kæranda og rökstuðnings hinnar kærðu ákvörðunar, verður fjallað um í máli þessu. Þau dæmi sem þar eru tilgreind eru ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfi var gefið út og ef til er að dreifa breytingum á rekstri sem varðað geta ákvæði starfsleyfis vegna tækniþróunar eða breytingar á reglum um mengunarvarnir sem og breytingar á aðalskipulagi.

Hvað það snertir hvort til sé að dreifa breytingum á rekstri alifuglabúsins frá því sem var í upphafi var við yfirfærslu starfsleyfisins til nýs rekstraraðila heimilað að hafa í húsinu 28.000 varphænur og enga unga, í stað allt að 15.000 hænuunga og 20.550 varphænsna. Af svörum heilbrigðiseftirlitsins má ráða að álitíð hafi verið að þessi breyting rúmist innan heimilda starfsleyfisins, sem miði við allt að 35.550 eldisstæði, þ.e. að ekki hafi verið skylt að fara með málið sem breytingu á starfsleyfi skv. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 né heldur að endurskoða leyfið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Fyrir liggur rökstutt mat heilbrigðiseftirlitsins um áhrif þessarar breytingar á lyktarmengun frá starfseminni og verður ekki gerð athugasemd við þessa afstöðu.

Höfuðathugasemdir kæranda lúta að því að til sé að dreifa mun meiri lyktarmengun af völdum starfsemi alifuglabúsins en búast mátti við þegar leyfið var gefið út. Til þess er þá að líta að við undirbúning útgáfu starfsleyfis til alifuglabúsins lá fyrir sérfræðilegt mat frá janúar og desember 2015 um lyktarónæði frá starfsemi alifuglabúsins að teknu tilliti til reksturs svínabúsins á sama stað. Við mælingarnar voru áætlaðar svonefndar lyktareiningar, OUE (e. odour unit emission) sem skilgreindar eru í staðli ÍST EN 13725:2003. Má af matinu frá 2015 ráða að forsendur þess byggðu á dönskum gögnum og viðmiðunum um lyktarónæði í þaueldi

í landbúnaði og voru niðurstöðurnar settar fram miðað við það. Var þar áætlað að heildarlosun lyktareininga frá alifuglabúsinu næmi 11.004 OUE/s og frá svínabúinu 87.605 OUE/s.

Í lið 3.3. í matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem kærandi hefur aflað, er fjallað um lyktarmengun frá alifuglabúinu og svínabúinu með hliðsjón af gildum sem greind eru í tilgreindu BREF-skjali, þ.e. BAT tækniskýrslu sem varðar þaueldi alifugla. Fram kemur að gildi um lyktarlosun frá alifuglabúinu sem stuðst hafi verið við í matinu frá 2015 sé á neðri hluta þeirra gilda sem gefin séu í skjalinu fyrir hæstu og lægstu lyktarlosun á hvert dýr á tímæiningu miðað við mismunandi hús og flórgerðir. Um leið er bent á, sem þessu tengist, að hjá núverandi rekstraraðila sé kerfi með hænsnum í lausagöngu þar sem færibönd færi skít út tvisvar í viku og hann sé fjarlægður og því sé engin uppsöfnun vegna hans, þar sem lykt nái að byggjast upp. Þá sé notuð viðurkennd fóðrun fyrir varphænur, en enginn viðbótarbúnaður sé til staðar fyrir lyktareyðingu. Í matsgerðinni eru leiddar að því líkur að heildarlosun lyktareininga frá báðum búunum í Brautarholti sé á bilinu 95.000 til 140.000 OUE/s. Verður ekki ráðið af þeirri umfjöllun að lykt frá alifuglabúinu sé í verulegu umfram það sem áætlað var við undirbúning að útgáfu leyfis til þess. Er í matinu gerður fyrirvari um hvort unnt sé að leggja saman lyktareiningar frá mismunandi uppsprettum, en til þess að skera úr um það þurfi sérstakt raunmat að fara fram sem ekki liggja fyrir. Í ljósi þessa verður ekki gerð athugasemd við þá afstöðu heilbrigðiseftirlitsins að ekki sé tilefni til endurskoðunar á starfsleyfisskýrðum vegna lyktarmengunar, sem einnig fær nokkra stoð í eftirlitsskýrslum með starfseminni.

Í almennum starfsleyfisskýrðum sem og sértækum starfsleyfisskýrðum fyrir alifuglabúnað er vísað með almennum hætti til þess að nota skuli bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir. Á þessu er hnekkkt hvað varðar fóðurgjöf og meðferð úrgangs. Fram kemur að besta fánlega tækni hafi verið skilgreind í tiltekinni BAT-tækniskýrslu frá árinu 2003 og er tekið fram að verði breytingar á henni skuli þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.4. í leyfinu, en þar er vísað til heimilda til endurskoðunar á leyfinu komi fram almennar kröfur eða ný tækni er leiði til bættra mengunarvarna. Þessi fyrirmæli eru náskyld því sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 að breytingar á reglum um mengunarvarnir geti leitt til þess að breytingar verði gerðar á starfsleyfi. Þá má loks geta 4. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998, sem gildir um leyfi sem heilbrigðisnefndir gefa út, en þar er mælt fyrir um að ákvæði um mengunarvarnir skuli taka mið af BAT-niðurstöðum þegar þær liggja fyrir.

Nokkru eftir að starfsleyfi alifuglabúsins var gefið út öðluðust gildi niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT) vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína. Þær miða við þaueldisbú sem háð eru leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 16. tl. 5. gr. reglugerðar nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun. Af hálfu heilbrigðiseftirlitsins hefur verið vísað til þess að í starfsleyfisskýrðum sé vísað til BAT sem viðmiða fyrir mögulegar úrbætur, en eftirlitið hafi ekki getað staðfest kvartanir um umtalsverða loftmengun eða mengun umfram áætlun við útgáfu starfsleyfisins og hafi því ekki talið tilefni til að gera kröfu um auknar ráðstafanir sem tækju mið af BAT niðurstöðum. Með hliðsjón af framanröktu verður ekki gerð athugasemd við þá afstöðu.

Að virtum þeim skyldum sem á stjórnvöldum hvíla við framkvæmd laga nr. 7/1998 og 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að ekki verði gerð athugasemd við hina kærðu ákvörðun, þ.e. því að hafna kröfu um afturköllun á starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti. Verður kröfu um ógildingunni hennar því hafnað.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um að felld verði úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 29. nóvember 2023 um að hafna kröfu um afturköllun á starfsleyfi alifuglabúsins að Brautarholti 5 á Kjalarnesi.

Arnór Snæbjörnsson (sign)

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)

Geir Oddsson (sign)